

Þriðjudaginn 22. október 1991.

Nr. 200/1991. **Ákærvaldið**(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn**Jónasi Flosa Finnbjörnssyni**

(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Áfrýjun. Dómarar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. apríl sl. að ósk ákærða, en einnig af ákærvaldsins hálfu til þyngingar á refsingu, en staðfestingar á ökuleyfissviptingu. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti var af hálfu ákærvaldsins að viðbætti tilvitnun í 1. mgr. 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að ákærði yrði dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar.

Af hálfu ákærða var aðallega krafist sýknu, en til vara ómerkingar hins áfrýjaða dóms. Jafnframt var krafist málsvarnarlauna.

I.

Skipaður verjandi ákærða styður sýknukröfu sína þeim rökum, að dómari málsins í héraði, sem er fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík, hafi verið vanhæfur til að fara með málið vegna fyrri afskipta sinna af því, og þar sem ákærði eigi ekki að sæta því að verða ákærður tvisvar, eigi vanhæfi dómarans að leiða til sýknu. Til vara gerir hann kröfu um ómerkingu dómsins af sömu sökum. Verjandinn vísar í þessu sambandi til bréfs dómarans frá 17. júlí 1990 til ríkissaksóknara. Bréf þetta er ritað í tilefni af ósk ríkissaksóknara um, að máli ákærða yrði lokið með dómsátt, sem borin var fram í bréfi, er fulltrúi ríkissaksóknara sendi sakadómi Reykjavíkur 8. júlí 1990. Í bréfi dómarans segir svo:

„Samkvæmt sakavottorði kærða hefur hann tvívegis gengist undir dómsátt vegna ölvunarakstursbrota, þ.e. í október 1988 og júní 1989. Hér er því um þriðja brot kærða að ræða, og sýnist því ófært, að máli hans verði lokið með dómsátt.“

Afskipti dómarans af máli þessu fyrir útgáfu ákæru voru samkvæmt framansögðu þau að endursenda málið ríkissaksóknara og vísa ósk hans þannig frá, þar sem hann taldi skilyrði breyta til að ljúka máli ákærða með dómsátt samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Mál ákærða er einfalt, og dómarinn þurfti aðeins að horfa til sakavottorðs ákærða til að ganga úr skugga um, að hin umbeðna meðferð á málinu yrði ekki viðhöfð. Þótt orðalag á bréfi dómarans sé ónákvæmt, verður ekki talið, að hann hafi með því tekið afstöðu til efnispáttar málsins. Þessi afskipti dómarans voru því ekki þess eðlis, að hætta væri á, að hann gæti ekki litið óhlutdrægt á málavexti, er málið kæmi til efnislegrar meðferðar. Verður sýknu- og ómerkingarkröfu af þessum sökum því hafnað. Sjá hér til samanburðar dóma Hæstaréttar frá 12. október 1990, ákæruvaldið gegn Svavari S. Kristinsyni, og 10. maí 1991, ákæruvaldið gegn Herði Karlssyni.

II.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný skjöl. Þar á meðal er endurrit úr þinghaldi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum frá 21. júní 1990, en þar undirgengst ákærði dómsátt fyrir að hafa haft fíkniefni í fótum sínum.

Eins og um getur í hinum áfrýjaða dómi, er sekt ákærða sönnuð, og ber að staðfesta hann að því viðbættu, að vísað er til 78. gr. almennra hegningarlaga við ákvörðun refsingar, þar sem refsingin er ákveðin sem hegningarauki við framangreinda dómsátt fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum.

Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Jónas Flosi Finnbjörnsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kjartans Reynis Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i**Péturs Kr. Hafstein hæstaréttardómara.**

Pegar dómara málsins í héraði barst dómsáttarheimild ríkissaksóknara frá 8. júlí 1990, lá ekki fyrir honum í lögregluskýrslu skýlaus játning ákærða um akstur undir áhrifum áfengis, heldur einungis um réttindaleysi við akstur. Samkvæmt sakavottorði ákærða hafði hann ekki áður gerst sekur um akstur án ökuréttinda, en tvívegis um ölvun við akstur og þá í bæði skiptin um brot gegn 1., sbr. 2. mgr., 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Dómarinn endursendi ríkissaksóknara málið hinn 17. júlí 1990 með þeirri staðhæfingu, að um þriðja brot ákærða væri að ræða og ófært sýndist, að máli hans yrði lokið með dómsátt. Ég tel, að ekki verði hjá því komist að meta þessi orð dómarans svo, að hann hafi með þeim tekið afstöðu til sakarefnis á þann veg, að ekki samrýmist stöðu dómara við efnislega meðferð máls eftir útgáfu ákæru. Af þeim sökum verði að telja, að hætta hafi verið á því, að hann fengi eigi litið óhlutdrægt á málavöxtu, eða ákærði hafi haft ástæðu til að ætla, að svo kynni að vera. Með vísun til 7. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 74/1974, eins og þau ákvæði verða skýrð með hliðsjón af 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. auglýsingu nr. 11/1954, tel ég því rétt að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Þar sem meiri hluti dómenda hefur komist að annarri niðurstöðu, ber mér samkvæmt 53. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands að greiða atkvæði um efni máls, og er ég þá samþykkur atkvæði meiri hlutans.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 20. mars 1991.

Ár 1991, miðvikudaginn 20. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 145/1991: Ákæruvaldið gegn Jónasi Flosa Finnbjörnssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 23. júlí síðastliðinn, á hendur Jónasi Flosa Finnbjörnssyni, Háteigsvegi 11, Reykjavík, fæddum 10. desember 1962 í Reykjavík, „fyrir að aka aðfaranótt föstudagsins 13. október 1989 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum bifreiðinni G-1299 stuttan spöl eftir Smiðjuvegi í Kópavogi.

Telst þetta varða við 1., sbr. 2. mgr. 45. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. og 102. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Málavextir.

Aðfaranótt föstudagsins 13. október 1989 laust fyrir kl. 3 stöðvuðu lögreglumenn í Kópavogi akstur bifreiðarinnar G-1299 á Smiðjuvegi við Reykjanesbraut. Er þeir höfðu tal af ökumanni, ákærða í máli þessu, fundu þeir, að talsverðan áfengisþef lagði frá vitum hans. Var hann látinn gefa frá sér öndunarsýni, og sýndi það 3. stig.

Lögreglumennirnir færðu ákærða á lögreglustöðina í Kópavogi til yfirheyrslu hjá varðstjóra, en að svo búnu var hann færður á slysadeild Borgarspítalans, þar sem honum var tekið blóðsýni kl. 3.15. Reyndust í því vera 0,64 ‰ alkóhóls.

Við rannsókn og meðferð málsins hefur ákærði viðurkennt, að aðfaranótt föstudags 13. október 1989 hafi hann ekið bifreiðinni G-1299 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum stuttan spöl eftir Smiðjuvegi í Kópavogi.

Niðurstaða.

Með afdráttarlausri játningu ákærða, niðurstöðu alkóhólrannsóknar og öðrum gögnum málsins telst sannað, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali. Varðar framanlýst háttsemi ákærða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt refsingum, sem hér segir: [Ákærði hefur tvisvar sætt refsidómi fyrir ölvunarakstur, í síðara skiptið 1. júní 1989, er hann var sviptur ökuleyfi 2 ár.]

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga. Ber við ákvörðun hennar að hafa hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Þykir hún hæfilega ákveðin varðhald í 35 daga.

Eins og krafist er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir, ber að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jónas Flosi Finnbjörnsson, sæti varðhaldi 35 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.